

Alþingi
Erindi nr. P 128/262
komudagur 25.11.2002

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík


Reykjavík 18.11.02


Umsögn frá félagsráðgjöfum á Kvennadeild Landspítala LSH. um frumvarp til barnalaga.

Undirritaðar félagsráðgjafar á Kvennadeild Lsh.við Hringbraut, hafa fjallað um erindi yðar fyrir hönd Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa. Undirritaðar fagna því að komið sé fram frumvarp til nýrra barnalaga þar sem tímabært var að endurbæta gömul lög in í takt við breytingar í samfélaginu. Við erum sammála þeirri tillögu að móður sé gert skylt að feðra barn sitt. Einnig styðjum við að konan sé ekki beitt viðurlögum þrátt fyrir að hún velji að feðra ekki barn sitt eða draga það að feðra. Ýmsar ástæður geta legið að baki því að kona telur það ekki þjóna hagsmunum barns að gefa upp faðerni þess s.s. vímuefnaneysla eða ofbeldi af hálfu barnsföður. Einnig viljum við benda á mikilvægi þess að skýrt komi fram í lögnum að hægt er að óska eftir því hjá sýslumanni að mannerfðafræðilegar rannsóknir fari fram ef vafi leikur á því hver sé faðir barns áður en kemur til kasta dómara. Einungis ef meintur faðir neitar að undirgangast slíka rannsókn er nauðsynlegt að sækja mál fyrir dómi. Einnig vilja undirritaðar leggja áherslu á að almennt sé þess gætt að málsmeðferð í málum sem lúta að faðerni barna gangi sem hraðast fyrir sig þar sem langur biðtími er mjög erfiður fyrir alla sem hlut eiga að máli. Að mati undirritaðra er það hagur barns að niðurstaða faðernis liggi fyrir sem fljótt sem auðið er, þannig að mikilvægur tími í tengslamyndun föður og barns fari ekki forgörðum.

Virðingarfyllst,


Guðbjörg Edda Hermannsdóttir yfirfélagsráðgjafi


Inga María Vilhjálmsdóttir, félagsráðgjafi


Jóhanna Hjartardóttir, félagsráðgjafi